

Fimmtudaginn 11. júní 1998.

Nr. 112/1998.

Ákærvaldið(Bogi Nilsson ríkissaksóknari)
gegn**X**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Nauðgun. Sýkna. Líkamsárás. Miskabætur. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Málinu hefur verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 3. mars 1998 að ósk ákærða, sem skírskotar til a-, b-, c- og d-liðar 1. mgr. 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Einnig er áfrýjað af hálfu ákærvalds.

Ákærvaldið krefst sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu ákærða. Jafnframt verði ákærði dæmdur til að greiða kæranda málsins miskabætur ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði eftir því, sem greint er í ákæruskjali.

Ákærði krefst aðallega sýknu af ákæru um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, og frávísunar á kröfu um miskabætur. Til vara krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar. Til þrautavara gerir hann þá kröfu, að dóminum verði breytt á þann veg, að refsing verði milduð og skilorðsbundin að öllu leyti, en miskabætur lækkaðar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Af þeim verður ráðið, að ákærði og kærandi málsins hafi átt nokkur samskipti, eftir að dómur gekk í héraði, og reynt að taka upp sambúð að nýju í aprílmánuði sl., en óvíst sé um framhald á sambandi þeirra.

I.

Atvikum málsins er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar greinir, höfðu ákærði og kærandi um nærfellt eins árs skeið verið í sambúð, sem háð var ýmsum erfiðleikum, þegar þeim varð sundurorða aðfaranótt 31. júlí 1997 með þeim afleiðingum, að ákærði missti stjórn á skapi sínu og gekk berserksgang á heimili þeirra. Er nægi-

lega sannað, að ofsi hans hafi ekki aðeins bitnað á húsgögnum og öðrum hlutum, heldur hafi hann einnig lagt hendur á sambúðarkonu sína og veitt henni líkamsmeiðsl, sem merki fundust um við lækni skoðun á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Þangað leitaði konan að áliðnum degi, fyrst á slysadeild og síðan á neyðarmóttöku. Var það mat lækni á neyðarmóttökunni, að áverkar á konunni og hugarástand hennar bentu til, að hún hefði orðið fyrir alvarlegu áfalli.

Eftir að ákærði hafði þannig beitt kæranda harðræði, hafði hann samfarir við hana í svefnherbergi þeirra. Segir hann þær ekki hafa verið að óvilja hennar, enda hafi sér verið runnin reiðin og sátt komin á. Þótt þessi mök þeirra verði metin í samhengi við það, sem á undan var gengið, leikur vafi á því, að unnt sé að virða þau sem nauðgun. Er þar á það að líta, að ofbeldi ákærða virðist hafa ein-kennst af reiði fremur en hinu, að hann hafi viljað neyta þess til að knýja kæranda til samfara. Jafnframt ber kærandi ekki áverka, sem fullyrða meg, að hún hafi hlotið við samfarirnar. Fyrstu viðbrögð hennar eftir atburðinn báru ekki sérstaklega með sér, að hún teldi efni til að kæra ákærða fyrir nauðgun. Þá liggur það fyrir, að hún dró dul á síðara samneyti sitt og ákærða við rannsókn af hálfu lögreglu, og hlýtur sú launung að draga nokkuð úr sönnunargildi frásagna hennar við heildarmat á gögnum málsins. Þegar litið er til þessara atvika ásamt því, sem aðilar hafa lýst um samband sitt fyrir og eftir þennan atburð, þykir varhugavert að álykta, að fram sé komin nægileg sönnun þess, að um nauðgun hafi verið að ræða, sbr. 46. gr. laga um meðferð opinberra mála. Verður að fallast á þá niðurstöðu minni hluta dómenda í héraði, að ákærði eigi að vera sýkn af ákæru fyrir brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga. Með fyrrgreindu ofbeldi sínu hefur ákærði hins vegar gerst sekur um líkamsárás, er varðar við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981. Verður hann sakfelldur fyrir það brot, enda hefur málið verið nægilega reifað að því leyti, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

II.

Ákærði á sér engar málsbætur, og atлага hans var gróf. Hann hefur einu sinni sætt viðurlögum fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, en átta ár eru liðin síðan. Refsing hans þykir

hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði. Eftir atvikum þykir þó rétt að fresta fullnustu tveggja mánaða af refsingunni, og falli hún niður að þeim hluta að tveimur árum liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Kærandi varð fyrir miska, sem ákærða ber að bæta henni samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykja bætur hæfilega ákveðnar 150.000 krónur, sem ákærði greiði með vöxtum, eins og um er mælt í dómsorði. Einnig greiði hann kostnað af lögmannsaðstoð vegna bótakröfunnar, sbr. 4. mgr. 172. gr. laga um meðferð opinberra mála, sem ákveðst 30.000 krónur að ótöldum virðisauka-skatti.

Rétt er eftir úrslitum málsins, að ákærði greiði sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að 3/5 hlutum, eins og nánar er á kveðið í dómsorði. Annar kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi þrjá mánuði. Fresta skal fullnustu á tveimur mánuðum af þeirri refsivistun, og falli refsingin niður að þeim hluta að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Y 150.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. júlí 1997 til uppsögudags dóms þessa, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags svo og 30.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti að 3/5 hlutum, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, sem í heild ákvarðast 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, í heild samtals 200.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 11. febrúar 1998.

Ár 1998, miðvikudag 11. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni

héraðsdómara ásamt meðdómendum Finni Torfa Hjörleifssyni og Þorgerði Erlendsdóttur héraðsdómurum, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-345/1997: Ákærvaldið gegn X, sem dómtekið var 12. janúar sl.

Málið er með ákæru, út gefinni 11. nóvember sl., höfðað gegn X, ..., fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 31. júlí 1997 ráðist á konuna A á sameiginlegu heimili þeirra að ..., rífið utan af henni peysu og nærbuxur og með líkamlegu ofbeldi og barsmíðum þröngvað henni til holdlegs samræðis, allt með þeim afleiðingum, að konan hlaut mikla líkamlega áverka, meðal annars mikið mar víða um líkamann, flekkblæðingu á hálsi, glóðarauga vinstra megin og sprungna vör.

Telst þetta varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu gerir Kolbrún Linda Ísleifsdóttir hdl. fyrir hönd A þá kröfu, að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur, að fjárhæð 2.000.000 kr., auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 31. júlí 1997 til greiðsludags. Gerð er krafa um, að dráttarvextir leggjist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 31. júlí 1998. Einnig er þess krafist, að ákærða verði gert að greiða A málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti auk vaxta af málskostnaði skv. 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991, sbr. og 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991, samkvæmt mati dómsins eða sundurliðuðum málskostnaðarreikningi.

Ákærði hefur krafist þess aðallega, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum ákærvalds og bótakröfum í málinu vísað frá dómi, en til vara er krafist vægustu refsingar, sem lög heimili, er verði skilorðsbundin, og bóta-krafa stórlega lækkuð. Í báðum tilvikum er þess krafist, að verjanda hans, Björgvin Þorsteinssyni hrl., verði tildæmd hæfileg málsvarnarlaun.

I. Málavextir.

Fimmtudaginn 31. júlí sl. kl. 21.59 kom A á skrifstofu rannsóknardeildar lögreglunnar í ... til að kæra sambýlismann sinn, X, ákærða í máli þessu, fyrir líkamsárás og nauðgun á heimili hennar að ... næstliðna nótt. Hafði hún áður farið á slyshadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur, um kl. 15.40, og var það vegna afleiðinganna, sem hún hafði eftir líkamsárásina. Um kl. 17.40 ákvað hún að fara í rannsókn á neyðarmóttöku sjúkrahússins vegna nauðgunar. Í framhaldi kærunnar var ákærði handtekinn á ... og færður til skýrslutöku á lögreglustöðina í Daginn eftir gerði lögreglan svo vettvangsrannsókn á ... og tók ljósmyndir af vettvangi.

Ákærði og kærandi höfðu verið í sambúð í tæpt ár, er hún kærði hann fyrir framangreint ofbeldisbrot, og höfðu átt heima á ýmsum stöðum, en frá

mánaðamótum maí – júní 1997 að ... Atvik að ætluðum ofbeldisverknaði ákærða eru, eftir því sem fram kemur í lögregluskýrslum og öðrum rannsóknargögnum, þessi:

Ákærði og A höfðu fyrirhugað að fara í útilegu að Galtalæk með vínafólki um verslunarmannahelgina 1. til 4. ágúst sl. og taka með sér börn sín, sex ára dóttur hans og fjögurra ára dóttur hennar. Fór A þangað með vínafólkinu miðvikudagskvöldið 30. júlí til að tjalda þar fyrir helgina. Kvaðst hún áður hafa reynt, en án árangurs, að hafa uppi á ákærða, en ekki tekist að finna hann. Hún og vínafólkið fóru því austur án hans, en komu við að ... til að taka tjald hans og biðu þar nokkra stund eftir honum. Þau komu svo aftur í bæinn um miðnætti, eftir að þau höfðu tjaldað, og fóru fyrst að heimili vínafólksins, en þar hafði A skilið eftir bifreið sína. Eftir stutta viðdvöl þar ók hún að ... og kom þangað kl. um eitt um nóttina. Hafði þá verið slökkt á öllum ljósum, og virtist henni ákærði vera sofandi uppi í rúmi. Kvaðst hún hafa séð merki þess, að hann hefði drukkið þrjá bjóra þarna heima, og vitað, að hann hefði verið við bjórdrykkju um kl. 11 um morguninn, er hún hafði séð hann síðast. Hún hefði þá hringt í V, ..., en hún gætti dóttur A, og látið hana vita, að ákærði væri heima og allt væri í lagi með hann, hann væri sofandi uppi í rúmi. Hún hefði svo farið inn í svefnherbergið, háttað og lagst við hliðina á ákærða, og kvaðst hún þá hafa verið í nærbuxum einum fata. Hann hefði þá risið upp og verið mjög æstur, slegið til hennar og spurt, hvar hún hefði verið. Þegar hún hefði sagt honum, hvert hún hefði farið og með hverjum, kvað hún hann hafa orðið vitstola og sagt henni, að hún hefði ekki átt að fara með tjald hans án þess að láta hann vita.

Ákærði greindi hins vegar svo frá, að hann hefði vaknað um kl. 1.30 við það, að A kom heim og spurði hann, hvar hann hefði verið. Hann hefði sagt henni, að hann hefði verið niðri í bæ með bróður sínum. Hún hefði þá ekki verið háttuð og ekki trúað honum, og hefði þá hafist rifrildi milli þeirra. Greinir þau verulega á um það, sem gerðist, eftir að A kom heim.

A lýsti atvikum svo, að ákærði hefði, á meðan og eftir að hann hafði skammast út í sig, farið að lemja sig. Hann hefði svo farið fram úr rúminu og ráðist á húsgögnin og brotið þau meira og minna. Hún hefði þá talað til hans rólega og reynt að tala til hans eins fallega og hún gat og beðið hann að hætta þessu, en þessi viðbrögð hans hefðu komið sér mjög á óvart eða eins og þruma úr heiðskíru lofti. En orð sín til hans hefðu engin áhrif haft á hann. Hún kvaðst hafa sagt honum, að hún elskaði hann, og spurt hann að því, hvers vegna hann væri að gera þetta. Hann hefði þá m. a. spurt, hvers vegna dóttir hennar væri hjá vínafólkinu, en ekki með henni, og hefði hún

fundið sterklega til þess, að hann óttaðist, að hún væri að fara frá honum, þar sem dóttirin væri ekki með sér.

Hann hefði svo skipað sér að fara upp í rúm og liggja þar kyrr og hún ekki þorað annað, þar sem hann hefði sífellt verið að lemja hana og með stólfætur og brot úr húsgögnum í kringum sig og í höndunum og hún ekki getað verið viss um, að hann myndi ekki lemja hana með þeim. Hann hefði þá m. a. tekið hleðslutæki fyrir borvél og kastað í síðuna á henni. Hann hefði svo rifið utan af henni peysu, sem hún hafði farið í, og nærbuxurnar, en svo eftir það farið fram á það. Hún hefði þá reynt að nota tækifærið til að flýja út, þó að hún væri nakin, en hún hefði vonast til að komast að bíl sínum og á brott. Það hefði ekki tekist, því að hann hefði náð henni um það bil, sem hún var að opna útidyrnar, og svo dregið hana á hárinu áleiðis upp stigann að svefnherberginu á efri hæð. Hún hefði beðið hann að hætta og leyfa sér heldur að ganga upp og hann gert það, en hann hefði haldið áfram að sparka í sig á leiðinni. Hann hefði svo hent sér inn í herbergið og verið gjörsamlega stjórnlaus, ætt um og haldið áfram að slá sig, en hún reynt að verjast með sænginni og með því að halda höndum fyrir höfuð sér. Kvaðst hún hafa verið orðin dofin í höfði, þegar hann hefði lagst yfir sig og svo haldið sér niðri með báðum höndum, sem hann hefði þrýst að hálsi hennar, og svo nauðgað henni. Hún kvaðst ekki hafa getað verið sig með öðru en orðum og reynt að biðja hann að hætta þessu, og væri hún þá tilbúin að fyrirgefa honum þetta með húsgögnin.

Er fyrst var tekin skýrsla af ákærða hjá lögreglu, kom fram, að hann og A hefðu búið saman öðru hverju árið 1997 og lifað í stormasömu sambandi með miklu ósætti, sem leitt hefði til líkamlegra átaka, en þá hefði hann oft orðið að halda henni fastri, þar eð hana hefði gripið stundarbrjálæði. Honum hefði þó oftast tekist að róa hana með þessum hætti og þau sæst í lok átakanna. Hún hefði verið á geðlyfjum, en hætt að taka þau að undanfögnu, af því að þá liði henni betur og væri ekki eins þungt yfir höfðinu. Hún hefði hins vegar verið mun erfiðari í skapi, eftir að hún hætti að taka lyfin. Hann kvað þau bæði hafa orðið reið, er þau fóru að rífast um nóttina, og hann þá hent til hlutum og brotið stóla og kómmóðu, svo að veggir skemmdust. Hann hefði svo stjakað henni á undan sér inn í svefnherbergið og ýtt henni þar upp í rúmið. Hann hefði síðan farið úr svefnherberginu og inn í eldhús og verið þá svo reiður, að hann hefði brotið þar eldhússtóla og eldhúsklukkuna. Hann kvað Á þá hafa háttað sig, og er hann hefði farið aftur inn í svefnherbergið, inn ganginn, hefði hann brotið þar mynd, og í svefnherberginu hefði hann svo brotið kómmóðuna og skemmt þar skáphurð. Kvaðst hann hafa brotið þessa muni vegna þess, að hann hefði verið brjál-

áður í skapi, og hefði hann nokkrum sinnum áður misst stjórn á skapi sínu og brotið hluti eins og í þetta skipti.

Ákærði neitaði sakargiftum. Hann kannaðist ekkert við að hafa fleygt hleðslutæki í A, heldur hefði hann sparkað í það frammi á gangi, en átök þeirra hefðu einungis verið í stiga hússins, svefnherbergi og eldhúsi. Ákærði hefði svo ætlað að koma sér út og gripið flíspeysu, er hann átti (en hún var í, er hún kom), en þá hefði hún komið hlaupandi á eftir sér nakin og reynt að hindra, að hann færi út. Þau hefðu tekist á í útidyrnum, en átökunum lokið með því, að þau hefðu róast og farið upp í svefnherbergi og hann á undan, og neitaði hann að hafa rífið í hárið á henni. Þau hefðu svo farið upp í rúm, og hefði hann þá einungis verið í nærfötunum og hún verið nakin. Hún hefði svo farið að gæla með munni við lim hans og hann þá æst upp og farið líka að láta vel að henni. Þau hefðu svo elskast á eðlilegan og óþvingaðan máta og hann fengið sáðlát. Hann neitaði að hafa beitt hana ofbeldi til samfaranna, og um morguninn eftir, þegar þau vökn-uðu, hefðu þau aftur haft eðlileg og óþvinguð mök, sem endað hefðu í sátt og samlyndi.

Í vottorði Sigurðar S. Stephensen, læknis á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur, kemur fram, að A hafi leitað þangað vegna höfuðverkjar, svima og yfirliðs um daginn 31. júlí sl. og til að láta athuga áverka vegna líkamsárásar um nóttina. Segir svo um skoðun læknisins:

„Eymsli eru yfir temporal- og parietal-svæði vi. megin, ekki áberandi hematoma á því svæði, en byrjandi glóðarauga vi. megin. Eymsli eru yfir nefi, sem þó eru stöðug við þreifingu. Neðri vör er sprungin vi. megin. Þá er einnig mar hæ. megin á hálsi, ca. 3 cm í þvermál. Einnig er hún marín lateralt á brjóstakassa vi. megin, og er það 20 cm í þvermál. Við neúrológiska skoðun finnst henni vera meiri dofi í hæ. handlegg en þeim vinstri, en snertiskyn virðist þó vera eðlilegt bæði í höndum og fótum. Kraftar eru eðlilegir í höndum og fótum, en hún fær verk vi. megin í höfuð við áreynslu í vi. útlimum. Reflexar eru daufr í höndum, en jafnir og eðlilegir í fótum. Babinski er eðlilegur báðum megin. Þá er pupillusvörun sömuleiðis eðlileg. Ekki sést bláðing í eyrnagöngum. Blóðþrýstingur er tekinn 105/50, púls 60/mín, öndunartíðni 16. Meðvitundarstig 15 á GCS. Fáum CT af höfði, sem sýnir, að sjúklegar breytingar greinast ekki, og engin brot sjáanleg.“

Í neyðarmóttöku sjúkrahússins var A skoðuð nánar af Ragnheiði Bjarnadóttur kvensjúkdómalækni vegna nauðgunarkærunnar. Í skýrslu læknisins kemur fram, að frásögn A um kæruefnið er mjög á sama veg og hjá lög-reglu. Ástandi hennar er svo lýst, að hún hafi verið uppgefin, brostið í grát og verið mjög óttaslegin. Hún hafi verið öll marín og blá. Hún hafi verið

illa haldin af höfuðverk og verulegir áverkar verið vinstra megin á höfði. Þá voru kreppuviðbrögð hennar talin vera þau, að hún væri með skjálfta, hroll og vöðvaspennu. Þá hafi hún í fyrstu haft köfnunartilfinningu og of hraða öndun. Niðurstöður læknisins í skýrslunni eru þessar:

„1. Brotapoli er með mikla líkamlega áverka víðs vegar um líkamann. Hún er aum alls staðar á höfði og með sáran höfuðverk. Gerð var sneiðmynd af höfði, eftir að slysadeildarlæknir hafði skoðað hana, en ekki sást blæðing. Hún er mjög þreytt, hrædd og miður sín, brestur í grát, meðan hún segir sögu sína og er skoðuð, en gefur þó skýra sögu, man allt vel, upplifir „endurupplifun“, finnst ennþá, að hann sé að berja hana á höfuðið.“

2. Mar víðs vegar um líkamann, flekkblæðing á hálsi, glóðarauga og sprungin vör.

3. Ekki tekin sýni m. t. t. sýkinga, þar sem um sambýlismann er að ræða. Myndir teknar af áverkum.

4. Gefin neyðargetnaðarvörn. Veikindavottorð gefið f. vikuna 4–11/8. Miklir áverkar, skoðun styður sögn konunnar.“

Læknirinn lýsir áverkunum og skoðun sinni nánar þannig:

- | | |
|------------|---|
| „Einkenni. | Staðsetning: Höfuð/andlit/háls. |
| Nr. 1. | Lýsing: Byrjandi glóðarauga vi. megin. Húðroði á vi. hluta andlits (rauðir blettir e. þrýsting). Flekkblæðing á hálsi beggja vegna. Margúll innan á neðri vör.
Niðurstöður: Áverkar eftir barsmíðar, – högg, hálstak. |
| Einkenni. | Staðsetning: Búkur (bringa/bak). |
| Nr. 2. | Lýsing: 1) Margúlar beggja vegna á bringu.
2) Stór margúll vi. megin á síðu og húðrispur.
3) Minni marblettir hæ. megin á mjöðm.
Niðurstöður: 1), 3) áverkar eftir högg/ spörk.
2) Áverkar, eftir að kastað var í hana hleðslutæki + húðrispur eftir brún þess. |
| Einkenni. | Staðsetning: Handleggir. |
| Nr. 3. | Lýsing: a) Gómlaga marblettir á vi. upphandlegg.
b) Marblettir (stærri) aftan á báðum handleggjum.
Niðurstöður: a) Samræmist fari eftir harkalegt grip,
b) áverkar eftir högg. |
| Einkenni. | Staðsetning: Læri/mjöðm. |
| Nr. 4. | Lýsing: Stórir margúlar (tveir) aftan á vi. læri.
Niðurstöður: Áverki eftir spörk.“ |

Ljósmyndir þær, sem teknar voru af A á neyðarmóttökunni, hafa verið

lagðar fram í málinu og sýna greinilega þá áverka, sem getið er um í læknisvottorðum.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 1. ágúst sl. var ákærði látinn fara úr að ofan, og voru engir áverkar sjáanlegir á líkama hans fyrir ofan beltisstað, en roði var á hægri herðablaði, sem hefur getað stafað af fatnaði hans.

Er tekin var aftur skýrsla af ákærða síðla dags 1. ágúst sl., neitaði hann enn að hafa barið A eða sparkað í hana greint sinn, en hafði ekki neina skýringu á þeim áverkum, er fundust á henni við líkamsrannsókn í neyðarmóttökunni. Honum var þá kynnt framangreind skýrsla Ragnheiðar Bjarnadóttur læknis um áverkana á A, og neitaði hann því að vera valdur að þeim öllum, en viðurkenndi að hafa veitt A þá áverka, sem lýst er sem einkennum nr. 1 í áverkalýsingunni, en þó ekki áverka, sem lýst er sem flekkblæðingu á hálsi. Taldi hann A hafa fengið þá, er hún reyndi að losa sig úr faðmlagi hans. Hann kvaðst hafa löðrungað hana með hægri lófa ofarlega á vinstri vanga, er hún hefði staðið frammi á ganginum, og hefði hún ekki fallið við höggið. Hann kvaðst og halda, að hann væri valdur að áverkunum á handleggjum A, sem lýst er sem einkennum nr. 3 í skýrslu læknisins, en hann hefði tekið þéttingsfast um handleggi hennar. Hann hafði ekki aðrar skýringar á öðrum áverkum hennar en að hún hefði dottið og rekið sig á. Hann kvaðst einn hafa tekið til í húsinu um morguninn, eftir að átökin urðu, þ. á m. sópað og tekið allt, sem var brotið, og farið með það niður í geymslu. A hefði aftur á móti tekið til einhvern fatnað í svefnherberginu. Hann kvaðst ekki vita, hvað varð um flíspeysuna eða nærbuxur A og mundi ekki eftir að hafa séð hana á nærbuxum þessa nótt.

Að kvöldi 1. ágúst sl. var farið með ákærða að ..., og var vettvangur kannaður nánar af lögreglu. Fannst þá innkaupapoki utan við inngangsdyr hússins, sem hafði að geyma rusl, og var þar á meðal ljósgræn flíspeysa og lítil þjatla, sem talin var hluti af kvennærbuxum. Liggja ljósmyndir af þessu frammi í málinu. Ákærði kvaðst ekki vita um pokann né innihald hans.

Nánari skýrsla var tekin af A 1. ágúst sl. um miðjan dag, og var þá borin undir hana fyrsta skýrsla ákærða. Hún neitaði því að hafa tekið þátt í því að brjóta húsgögnin og kvaðst ekki hafa spurt ákærða að fyrra bragði, hvar hann hefði verið um daginn. Hún kvað það rangt, að hún hefði reynt að stöðva hann í að fara út. Hún myndi hafa fagnað því, því að þá hefði hún getað hringt á hjálp. Hún kvað hann hafa öskrað og sagst vera brjálaður og að hún kæmist ekki lifandi út. Kvaðst hún hafa trúað því, að það gæti gerst, eftir að hann henti í hana hleðslutækinu. Hún ítrekaði, að samfarirnar hefðu ekki verið með sínu samþykki, og kvaðst ekki hafa haft neina tilburði í þá átt að vera með munngælur við getnaðarlim ákærða, heldur hefði

hann sagt um það leyti, sem hann reif hurðir af fataskáp í svefnherberginu, að nú ætlaði hann að ríða henni. Þrátt fyrir það að hún hefði neitað því og ekki viljað, hefði hann lagst ofan á hana og haldið báðum höndum sínum um háls hennar og með aflsmunum náð að skilja fætur hennar að og koma getnaðarlim sínum inn í hana og hafa við hana samfarir. Hún kvaðst hafa reynt að yta honum af sér og beðið hann að hætta þessu, en ekki tekist, og þá hugsað um það eitt að komast lifandi frá þessu. Hún kvaðst hafa hætt að verjast, þegar hann hefði hótað að binda hana og ríða henni í rassinn. Eftir að hafa lokið samförunum, lagðist hann við hliðina á henni, og kvað hún hann þá hafa haft orð á því, hve honum þætti vænt um hana, en hann ætti við geðræn vandamál að stríða, sem hann þyrfti að leita sér lækninga við. Morguninn eftir hefði framkoma hans verið eins og ekkert hefði gerst milli þeirra og hún þyrfti bara að vera góð og hlýða honum og að það, sem gerðist um nóttina, væri refsing fyrir, að hún hefði farið austur að Galtalæk.

A kvaðst hafa farið að finna verulega til í höfðinu um nóttina og orðið hrædd og beðið ákærða að fara með sig á slysadeildina, en hann ekki sinnt því og borið því við, að hann gæti ekki farið þá, vegna þess að hann væri búinn að drekka nokkra bjóra. Hann hefði svo ekið henni þangað daginn eftir, en þá hefði ekkert orðið af því, að hún færi þangað inn. Gaf hún á því þá skýringu, að ákærði hefði viljað ráða því, hvaða skýring yrði gefin á áverkunum, og að útbúin yrði saga um, að hún hefði orðið fyrir líkamsárás niðri í bæ, sem hún hefði ekki verið til í. Ákærði hafði áður ekið að vinnustað V, og fór ákærði þangað inn og sótti barn hennar, og eftir það var ekið að tveimur öðrum stöðum. Notaði A tækifærið, þegar ákærði fór úr bifreiðinni við verslunarmiðstöðina Glæsibæ við Álfheima til að hringja og skildi eftir lykllana í bifreiðinni, svo að hún gæti hlustað á útvarp. Hún ók svo á brott og skildi hann eftir. Hún kvaðst þá hafa farið til V, vinkonu sinnar, sem fór með henni á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur.

Ákærði hefur skýrt frá atvikum hér fyrir dómi mjög á sama veg og hjá lögreglu og haldið fast við þá skýringar á áverkum A, sem fram koma í síðari skýrslu hans. Hann kvað hafa orðið átök á milli þeirra, en ekki áflog. Hefðu þau meira verið að togast á og upptökin verið afbrýðisemi hennar út í hann. Hann kvaðst hafa orðið reiður og þá farið fram í eldhús og látið reiði sína bitna á eldhúshúsgögnunum, sem hann hefði brotið og bramlað. Hann kvað A þá hafa komið þangað fram og hann þá slegið hana með flótum löfa í andlitið. Hann kvað hana hafa orðið ofsafengna og reiða, og hefði hún ráðist á sig í ganginum og hann þá haldið þéttingsfast utan um hana, og hefðu áverkarnir á hálsinum getað komið, er hún hefði snúið sig af honum. Hann hefði þá haldið þéttingsfast um handlegginn á henni, sem skýri mar-

bletti þar. Hann kvaðst hafa verið einn við að brjóta húsgögnin og ekki hafa séð, að A hefði dottið eða rekið sig á. Hann kvaðst um morguninn aldrei hafa tekið með sér lykilinn að bifreiðinni, er hann fór úr henni, og lagði áherslu á, að A hefði, hvenær sem var, getað yfirgefið sig.

Ákærði neitaði að hafa kastað hleðslutækinu í A, en kvaðst nú hafa verið í svefnherberginu, er hann sparkaði í það, og það valt fram á gang. Hann kannaðist ekki við að hafa hent flíspeysunni og pjötlu af nærbuxum A í ruslið og vakti athygli á, að það hefði verið hann, sem afhenti lögreglunni plastpokann með þessum fatnaði.

A hefur borið vitni um atvik að árásinni og ætluðu ofbeldisverki ákærða og haldið fast við fyrri framburð og staðfest skýrslur sínar hjá lögreglu. Hún kannaðist ekki við að vera skapbráð og fá æðisköst, svo að þyrfti að halda sér. Hún kvað ákærða augljóslega hafa verið ölvaðan um nóttina og að hann hefði orðið óður. Hann hefði kýlt sig ótal sinnum með krepptum hnefa, svo farið fram á gang og brotið myndir og síðan komið aftur að sér, sparkað í sig og barið í andlit. Hann hefði svo rifið flíspeysuna utan af henni, en hann hefði verið hræddur um, að hún ætlaði út, þar sem hún var komin með bíllyklana. Hefði hann rifið peysuna í tvennt og einnig nærbuxurnar.

Hún kvað ákærða hafa náð sér í útidyrnunum og dregið sig upp stigann og sparkað í kviðinn á sér. Hún var viss um, að ákærði kastaði hleðslutækinu í síðuna á sér, og væri stóri áverkinn þar eftir það. Hún taldi ákærða hafa fjarlægt tækið, þar sem það sæist ekki á myndunum, sem teknar voru af vettvangi. Hún skoðaði ljósmyndir, sem teknar höfðu verið af flíspeysunni, og pjötlu af nærbuxum í plastpokanum, sem fannst við útidyrnar, og kvað þetta vera flíspeysuna, sem hún hefði verið í, og hluta af nærbuxum sínum. Hún neitaði að hafa sett fötin í pokann.

Ákærði og A voru í óskráðri sambúð, sem þó hafði verið losaraleg í fyrstu, en eftir að þau fluttust að ..., mun hafa komist meiri festa á hana. Þau hafa lýst þessari sambúð og ber nokkuð á milli. Ákærði kvað hana fyrst hafa verið í molum og samband þeirra á brauðfótum. Hann kvað sambúðina hafa verið stormasama og margsinnis komið til handalögmála á milli þeirra. A taldi hins vegar sambúðina ekki hafa verið stormasama, en kvað hann áður hafa lagt á sig hendur og hún þá rifbeinsbrotnað. Hún kvað sambúðina hafa verið til reynslu, en bæði hún og ákærði höfðu áður verið um langt skeið í sambúð með öðrum mökum. Hún kvað reyndina ekki góða. Það hefði ekki kastast mikið í kekki milli þeirra, svo að kæmi til átaka. Hann hefði átt það til að fá reiðiköst og hún verið hrædd við hann. Því hefði hún verið farin að íhuga að slíta sambúðinni og einnig vegna þess, að

ákærði hefði alltaf verið drekkandi og áfengisvandamál hans valdið vand-ræðum í sambúðinni, en hann hefði þó ekki brotið húsgögn áður. Hún kvaðst hafa lagt allt í þetta samband þeirra á ... og ákærði lofað henni að hætta að drekka. Hún kvaðst hafa verið hrædd um að gera eitthvað rangt, sem honum líkaði ekki og valdið gæti því, að slitnaði upp úr sambandinu. Hún kvaðst ekki hafa mátt tala við visst fólk. Hafði hún gert það, hefði hann brugðist við með því að henda henni inn í rúm, og svo hefði hann oft lokað hana inni. Hún kvað það skýringuna á því, að hún fór ekki með ákærða inn til V að sækja dótturina, að hún hefði ekki viljað láta hana sjá, hvernig hún var útleikin, heldur hefði hún viljað láta líta út sem allt væri í lagi. Hún kvað ákærða áður í sambúðinni hafa þvingað sig til samfara.

Er ákærða var kynnt bótakrafa A 9. október sl., kvaðst hann ekki skilja tilefni hennar, þar sem þau hefðu tekið upp fyrri samskipti, m. a. dvalist öðru hverju á gistiheimilum og hótelum á Reykjavíkursvæðinu og auk þess gist saman annars staðar, og væru samskipti þeirra mikil og með ágætum. Væri A þunguð eftir sig.

Er þetta var borið undir A af rannsóknarlögreglumanni 21. október sl., kvað hún þetta alrangt, og ekki væri hún ólétt, eins og hann hefði haldið fram. Kom fram hjá henni, að einu samskipti þeirra væru, að hún hefði þurft að hringja í hann á áfengismeðferðarstofnunina Vog í byrjun ágúst, vegna þess að þau hefðu þurft að gera upp sín mál við að rýma húsnæðið að ..., en þar að auki hefði hún tvívegis hitt hann í stutta stund í bifreið sinni og hann þá viljað, að hún drægi kærana til baka, og verið með hótanir við sig. Hún taldi hann ofsækja sig, og hefði hún neyðst til að flýja heimili móður sinnar vegna margítrekaðra hótana hans og orðið fyrir atvinnumissi vegna framkomu hans á vinnustað.

Ákærði hefur haldið fast við það við skýrslutöku hér fyrir dómi, að mikil samskipti hafi verið milli hans og A fljótlega eftir hinn kærða atburð, og hefði verið um náði samband að ræða milli þeirra og þau oft samrekkst og haft samfarir. Tilgreindi hann ýmsa staði, þar sem þau hefðu gist saman, og vitni að því.

A hefur hér fyrir dómi viðurkennt að hafa haft mikil og stundum nán samskipti við ákærða, allt frá því að ákærði fór í áfengismeðferð í byrjun ágúst sl. Hún kvað það geta verið, að hún hefði verið þrjár nætur með ákærða á heimili vinar hans að ..., Reykjavík, á tímabilinu 12.–15. ágúst, þar sem þau hefðu sofið saman, og einnig hefði þau í lok ágúst gist nokkra daga að ..., þar sem þau hefðu sofið saman. Þá bar hún um ýmis vinsamleg samskipti þeirra á milli allt fram að aðalmeðferð málsins, en einnig kom fram, að til átaka kom á milli þeirra, er hún kom heim til hans á nýársnótt,

en þá hefði hún rifbeinsbrotnað, en engu að síður hefði verið vinsamlegt samband á milli þeirra eftir það. Henni var bent á, að þetta væri í ósamræmi við fyrri framburð hennar, og skýrði hún það ekki sérstaklega.

A kvað ekki fyrirhugað, að þau tækju upp sambúð að nýju, og kvað þessi samskipti vera til kominn vegna þess, að hún væri dauðhrædd við hann og gæti ekki losnað undan honum. „Hann á mig,“ sagði hún. Jafnframt kom fram hjá henni, að hann hefði viljað fá hana til að draga kærana til baka. Hún kvað afleiðingar atburðarins 31. júlí sl. þær, að hún fyndi daglega til vanlíðunar og ætti ekkert sálarlíf. Það væri brostið. Þá hefði lagst þungt á sig sá trúnaðarbrestur, sem hún hefði orðið fyrir, en hún hefði treyst því, að hann myndi vernda sig og dóttur sína.

V, ..., bar vitni í málinu. Vitnið er vinkona A og hafði greint sinn farið með henni að tjalda að Galtalæk. Kvað það A ekki hafa verið með neina áverka, er þær kvöddust um nóttina. Vitnið kvaðst áður hafa orðið þess vart, að A væri hrædd við ákærða vegna ölvunarástands hans og það talið hann ofstopamann undir áhrifum áfengis. Það hefði merkt, er A hringdi í það morguninn eftir, að hún var „stressuð“ og ólík sjálfri sér. Er hún hefði svo komið til þess um daginn, hefði hún verið rauð í framan og kvartað um verki í höfði og verið „ein taugahrúga“. Það hefði farið með hana á slysa-deild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Hefði hún tjáð sér, að ákærði hefði lagt á hana hendur og hún væri öll marín og blá og vildi fara til læknis. Hún hefði þá ekki minnst á, að hún hefði orðið fyrir nauðgun. Meðan þær biðu eftir því á slyshadeildinni, að röðin kæmi að A og hún fengi lækni meðferð, hefði vitnið farið að kynna sér bæklinga, sem lágu frammi, þ. á m. bæklinga um nauðgun. A hefði verið mjög óróleg og liðið illa, og það hefði þá spurt hana, hvort ákærði hefði nauðgað henni, og hún játað því. Það hafði beðið með henni, meðan hún fékk lækni skoðun, og síðan fylgt henni á neyðarmóttökuna, en farið, þegar læknir þar tók við henni til skoðunar.

Vitnið Anna Sigríður Vernharðsdóttir hjúkrunarfræðingur, kt. 300669-5149, tók á móti A og skoðaði hana, er hún kom á neyðarmóttökuna, og staðfesti skýrslu sína um þá skoðun. Það kvað A hafa verið mjög hrædda, og hefði hún greinilega orðið fyrir miklu áfalli og brostið nokkrum sinnum í grát við að rifja upp atburðinn. Það kvað hana hafa verið ákveðna í að kæra. Það kvað lýsingu sína um andlegt ástand vera rétta, þ. á m., að hún hefði ekki verið með skjálftahroll eða kaldan svita.

Vitnið Ragnheiður Ingibjörg Bjarnadóttir kvensjúkdómalæknir, kt. 110161-3799, staðfesti skýrslu sína um lækni skoðun á A, sem rakið er úr hér að framan. Það kvað viðbrögð A, sem það lýsti í ástandsskýrslunni, vera dæmigerð viðbrögð þolanda nauðgunar. Því var bent á, að lýsing Önnu Sig-

ríðar hjúkrunarfræðings væri um sumt í ósamræmi við lýsingu þess, og vísaði vitnið þá til þess, að það hefði langtum meiri reynslu í þessum málum. Það kvað áverkana hafa verið ferska og það mikla, að því hefði þótt ástæða til að flokka þá, og væri þetta lengsta skýrsla í nauðgunarmáli, sem það hefði gert. Vitnið kvað mat þess og skoðun á áverkum samræmast sögu A og að hún hefði vírst trúverðug. Andlegt ástand hennar hefði sýnt, að hún hefði orðið fyrir ógnvekjandi reynslu. Vitnið kvaðst hafa skoðað A við endurkomu 11. ágúst sl., og hefði þá m. a. komið fram, að hún taldi það niðurlægjandi fyrir sig, hvernig maðurinn, sem henni þótti vænt um, hefði leikið sig, og hefði hún og talið, að hann hefði haldið fram hjá sér. Það kvað ekki óeðlilegt, að ekki væru áverkar á kynfærum, þó að ákærði hefði þröngvað lim sínum þar inn, þar eð A hefði alið barn áður. Það kvað hana hafa verið auma yfir höfði, en ekki borið merki um hárlós.

Lögreglumennirnir Þórir Steingrímsson, Sveinbjörn Bjarnason og Guðmundur Ingi Ingason staðfestu skýrslur sínar um rannsóknaraðgerðir í málinu. Þórir kvað pokann með fötunum ekki hafa fundist við fyrri vettvangsrannsókn eða ekki vakið athygli lögreglumanna og þeim yfirsést hann. Hann kvað þá ekki heldur hafa séð fötin inni í húsinu, en fram kom, að áður en síðari vettvangsrannsókn fór fram, hafði A farið að ... með móður sinni og tekið þá muni, sem hún taldi sig eiga, og allt verið skráð, sem hún tók.

Vitnið A ..., bar, að ákærði og A hefðu komið tvívegis til sín að ... í ágúst í sumar og fengið að gista. Í fyrra skiptið, sem það taldi frekar hafa verið í byrjun ágúst en lok júlí, hefðu þau fengið sumarhús til afnota, en í síðara skiptið fjós, sem það hafði innréttað til íbúðar, og hefði það verið síðast í ágúst eða í byrjun septembermánaðar. Þar hefðu þau verið ein í herbergi. Það kvað hafa farið vel á með þeim í bæði skiptin, og hefði það og kona þess haft nokkur samskipti við þau og farið með þeim í reiðtúra og þau verið eins og par.

Vitnið G kvaðst hafa skotið skjólshúsi yfir ákærða og A 12.–15. ágúst sl. Það kvaðst hafa þekkt ákærða í fjögur ár, og hefði verið eitthvert millibils-ástand hjá honum í ágúst. Þau gistu heima hjá því 3–4 nætur í húsi foreldra þess, er verið hafi erlendis. Það kvað ekkert óeðlilegt hafa verið að merkja á samskiptum þeirra og þau sofið í sama herbergi.

Vitnið P kvað ákærða hafa búið síðustu 3–4 mánuði á neðri hæð hússins, þar sem það býr. Það kvaðst hafa hringt í lögreglu vegna háreysti, sem var hjá ákærða aðfaranótt nýársdags, en þá hefði verið kona hjá honum, sem það taldi vera kærustu hans. Þau hefðu verið mikið saman, en oft verið mikil háreysti samfara dvöl konunnar hjá ákærða. Það kvaðst ekki geta fullyrt, að konan hefði verið þar næturlangt, en ályktað það út frá því, að

bifreið hennar hefði stundum verið þar fyrir utan í bifreiðastæði að morgni. Það hefði síðast orðið vart við konuna heima hjá ákærða helgina fyrir aðalmeðferð.

II. Forsendur og niðurstöður.

Sannað er með framburði ákærða sjálfs og einnig vætti vitnisins A, að ákærði missti stjórn á skapi sínu aðfaranótt fimmtudagsins 31. júlí 1997 á heimili sínu og A. Gekk hann berserksgang, braut og bramlaði húsgögn, m. a. í eldhúsi, og reif hurðir af svefnherbergisskápum. Þá er sannað, að ákærði veitti A marga alvarlega áverka á höfði, hálsi, handleggjum, bók og læri. Þetta gerði hann með höggum og spörkum, með því að draga hana á hárinu og með því að kasta í hana hleðslutæki fyrir borvél.

Framburður ákærða um atburði umrædda nótt hefur verið óstöðugur og um sumt ótrúverðugur. Sú skýring hans, að A hafi hlotið áverka við að detta og reka sig á, fær að mati dómsins ekki staðist. Harla ótrúlegt er það einnig, að A hafi getað varnað honum að fara út úr húsinu. Ákærði hefur þó viðurkennt að hafa veitt A suma áverkana. Hins vegar hefur framburður A um atburði næturinnar verið stöðugur, og hún hefur verið sjálfri sér samkvæm í frásögnum fyrir lækni á neyðarmóttöku, fyrir lögreglu og fyrir dómi. Frásögn hennar er styrkt af vottorði læknisins Sigurðar S. Stephensen og þó einkum af rannsókn læknisins Ragnheiðar Bjarnadóttur á neyðarmóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur, skriflegri skýrslu hennar og vætti fyrir dómi. Þykir ekki varhugavert, eins og sönnunargögnum er háttað, að leggja frásögn A til grundvallar niðurstöðu dómsins um atvik næturinnar. Þessu breytir það ekki, að A er sönn að því að hafa borið rangt fyrir lögreglu um samskipti sín og ákærða eftir 31. júlí.

Þegar ákærði hóf samfarir við A umrædda nótt, hafði hann, sem fyrr segir, beitt hana mjög alvarlegu líkamlegu ofbeldi með höggum og spörkum, með því að toga í hár hennar og að líkindum með því að kasta þungum hlut í síðu hennar. Að undangengnum slíkum líkamsmeiðingum verður að teljast fjarstæðukennt, að A og ákærði hafi elskast á „eðlilegan og óþvingaðan máta“, eins og hann heldur fram. A skýrði svo frá, að hún hefði verið orðin dofin í höfði, þegar ákærði lagðist yfir sig. Hann hefði haldið sér niðri báðum höndum, sem hann hefði þrýst að hálsi hennar, og svo nauðgað henni. Flekkblæðing, sem A fékk á hálsi beggja vegna niðri við axlir, er til styrktar frásögn hennar og einnig sú niðurstaða Ragnheiðar Bjarnadóttur, læknis á neyðarmóttöku, að hún sé „aum alls staðar á höfði og með sáran höfuðverk“. Skýring ákærða, að hún hafi fengið flekkblæðinguna við að losa sig úr faðmlagi hans, er að áliti dómsins fjarstæðukennd.

Nauðgun er ofbeldisbrot. Telur dómurinn rétt að skoða samfarir ákærða og A sem beint framhald líkamsmeiðinga hans á henni og telur þetta tvennt ekki verða metið hvort í sínu lagi, heldur sem eina brotaheild.

Að þessu virtu verður það niðurstaða dómsins, að ákærði sé sannur að þeirri sök, sem hann er ákærður fyrir, sbr. ákæru, og að brot hans sé þar réttilega fært undir 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann einu sinni sætt refsingu. Hinn ... gekkst hann undir sátt vegna minni háttar líkamsárásar, 20.000 króna sekt. Sátt þessi hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar.

Af hálfu ákærða hefur ekki verið sýnt fram á málsbætur. Enga haldbæra skýringu hefur hann á því að hafa lagt til atlögu við sambyliskonu sína. Líkamsmeiðingarnar og ofbeldisverkið í heild er alvarlegt, en ekki hefur þó verið sýnt fram á, að það hafi haft eða muni hafa alvarlegar afleiðingar. Með tilliti til þessa þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 mánaða fangelsi.

Brotapoli, A, á rétt til bóta úr hendi ákærða samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 fyrir þann miska, sem hann olli henni með ofbeldisverki sínu. Með tilliti til þess, sem upplýst er um alltið og nán samskipti ákærða og A, eftir að brot var framið, þykir þó dómendum rétt, að bótafjárhæð verði ákveðin miklum mun lægri en krafist er. Þykir dómnum hæfilegt, að ákærði greiði A 300.000 kr. í bætur, en auk þess greiði hann þóknun lögmanns bótakrefjanda, sem dómurinn telur vera hæfilega 90.000 krónur auk virðisaukaskatts. Dráttarvextir verða dæmdir á bótakröfuna, svo sem krafist er.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað. Í honum felst þóknun skipaðs verjanda ákærða, Björgvins Þorsteinssonar hrl., sem ákveðst 90.000 krónur auk virðisaukaskatts, og 90.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Að þessari niðurstöðu komast meðdómendurnir Finnur Torfi Hjörleifsson og Þorgerður Erlendsdóttir héraðsdómarar. Dómsformaður, Guðmundur L. Jóhannesson héraðsdómari, skilar sératkvæði.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna anna allra þriggja dómenda.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti 15 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði A 300.000 kr. ásamt dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 31. júlí 1987 til greiðsludags. Ákærði greiði nefndri A að auki 90.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun

skipaðs verjanda ákærða, Björgvins Þorsteinssonar hrl., 90.000 kr. auk virðisaukaskatts, og 90.000 kr. í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Sératkvæði

Guðmundar L. Jóhannessonar

Ég tel, að forsendur og niðurstöður dómsins eigi að vera þannig:

Í málinu er upplýst, að ákærði og A höfðu verið í sambúð í tæpt ár og á ýmsu gengið í sambúðinni. Ákærði kvað sambandið hafa verið stormasamt, mikið hafa verið um ósætti á milli þeirra, sem leitt hafi af sér líkamleg átök. A taldi sambúðina ekki hafa verið stormasama; samt bar hún, að hann hefði margsinnis lagt á sig hendur og hún í eitt skiptið rifbeinsbrotnað. Þá hefði hann áður í sambúðinni þröngvað sér til samfara, en það ekki leitt til sambúðarslita. Bæði áttu við geðræn vandamál að stríða. Hún tók lyf við þunglyndi, en hann tók kvíðastillandi lyf og taldi sig þurfa að leita læknis vegna reiðikasta, sem kæmu yfir sig.

Hjá ákærða hefur komið fram, að oft hafi gripið A stundarbrjálaði, er átök urðu á milli þeirra, og hann þá orðið að halda henni fastri, svo að hún róaðist, og þau svo sæst í lok átakanna. Hann taldi hana erfiðari í skapi, ef hún tæki ekki geðlyfin.

Ákærði hefur átt við áfengisvandamál að stríða og átt til að fá æðis- og reiðiköst. Hafði A reynt það, að eftir neyslu áfengis missti hann stjórn á skapi sínu og varð ofsafenginn, svo að það bitnaði á henni og dauðum hlutum, sem hann þá braut og bramlaði. Hafði hún því beyg af honum, þegar hann var ölvaður. Hún hafði íhugað að slíta sambandinu við ákærða, vegna þess að hann hætti ekki að drekka, en einnig er fram komið, að hún taldi, að hann héldi fram hjá henni.

Svo sem rakið er í málavaxtalýsingu, hafði ákærði verið ölvaður heima hjá sér aðfaranótt 31. júlí sl., eftir að hann hafi verið við áfengisneyslu frá því um morguninn á undan. Hefði þá runnið á hann æði og hann gengið berserksgang, brotið og bramlað húsmuni og auk þess lagt hendur á A. Ástæður þessa reiðikasts eru ekki með öllu ljósar, en þó virðist sem valdið hafi misklíð milli þeirra og þó einkum, að ákærða hafi mislíkað, að A hafði farið með tjald hans að Galtalæk og tjaldað þar án samráðs við hann.

Með framburði A og að hluta með framburði ákærða, læknisvottorðum og rannsóknargögnum lögreglu er sannað, að í reiðikastinu réðst ákærði að A og veitti henni þá áverka, sem hún bar, er hún kom á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur, en ekkert er fram komið, sem styður það, að A hafi fengið suma áverkana vegna þess, að hún hafi dottið eða rekið sig í. Þá braut ákærði og bramlaði húsmuni og innréttingar, sjá ljósmyndaspjald lögreglu.

A hefur verið staðföst í framburði sínum um, hvernig áverkarnir eru til orðnir, en framburður ákærða hefur verið meira á reiki, þó að lýsing hans samræmist því, sem fram kemur á áverkavottorðum. Verður því að mestu lagt til grundvallar, að A hafi fengið áverkana með þeim hætti, er hún lýsir, og fær það að meginhluta stoð í fram lögðum læknisvottorðum.

Dómarinn telur, að allir áverkarnir, sem A fékk, geti stafað af líkamsárásinni og átökum milli ákærða og hennar, er hún reyndi að komast undan honum, en þó þykir nokkuð skorta á, að áverkavottorðin falli alveg saman við lýsingu hennar. Þannig segir hún, að ákærði hafi dregið sig langa leið á hárinu, en samt finnast við lækni skoðun engin merki um hárlös. Hún kveður ákærða hafa slegið sig ótal sinnum með krepptum hnefa í andlit, en það samrýmist vart þeirri áverkalýsingu, sem fram kemur á læknisvottorðum og ljósmyndum, því að áverkar hennar ættu að vera langtum meiri miðað við þessa lýsingu. Þá þykir vera nokkurt ósamræmi milli lýsingar A um hálsáverkan og ályktunar Ragnheiðar Bjarnadóttur lækni, sem telur hann hafa verið eftir kyrkingartak, en ekkert er fram komið hjá A um, að hún hafi talið að sér þrengt með takinu, svo að hún fyndi til köfnunar. Telja verður því, að ákærði hafi valdið A þeim áverkum, sem í ákæru greinir, með líkamsárás þessari og átökunum, sem á eftir fóru. Hins vegar leikur töluverður vafi á um það, hvort ákærði hafi þröngvað henni til samræðis eftir árásina. Ákærði hefur viðurkennt að hafa þá haft samfarir við A, en staðfastlega neitað, að þær hafi verið að óvilja hennar og hann þröngvað henni til þeirra.

A hefur borið, að hún hafi reynt að verjast því, að ákærði hefði við sig samfarir, en engir áverkar eru á kynfærum hennar eða við þau, á fótleggjum eða á innanverðum lærum til merkis um mótstöðu við þessari valdbeitingu. Í málinu verður því einkum að treysta trúverðugleika vitnisburðar A, er metið verður, hvort næg sönnun sé fram komin um sök ákærða, og þykir þar margt koma til álita.

1. Fyrstu viðbrögð A eftir ætlaða nauðgun sem og hin síðari benda ekki sérstaklega til þess, að hún hafi orðið fyrir þessari reynslu. Hún getur þess hvorki við V, vinkonu sína, er hún bað hana að fara með sig á slysadeild, né lækinn, er skoðaði hana þar, að sér hafi verið nauðgað, og virðist ekki eiga frumkvæði að því, að til álita kemur að kæra ákærða fyrir nauðgun. Er hún kemur á neyðarmóttöku slysaeildarinnar, ber hún samkvæmt lýsingu Önnu S. Vernharðsdóttur hjúkrunarfræðings engin merki um kreppuviðbrögð, sem eru talin geta fylgt þeirri raun að verða fyrir nauðgun, en hún var ekki í tilfinningalegu jafnvægi, var óttaslegin og þreytt, en eðlileg að öðru leyti. Samræmist það áfalli því, sem líkamsárásin gat valdið. A hafði

fljótlega eftir ætlaða nauðgun margsinnis náíð samband við ákærða, og hafa samskipti þeirra að sumu leyti verið eðlileg eftir það; bendir það ekki til þess, að hún hafi orðið fyrir þeirri erfiðu lífsreynslu af hálfu ákærða, sem nauðgun er.

2. Með skýrslu A hér fyrir dómi og vætti vitna er upplýst, að hún bar rangt hjá lögreglu 21. okt. sl. um samskipti sín og ákærða eftir ætlaða nauðgun og leyndi því, að samband þeirra hafði lengst af verið náíð og samskipti eðlileg og gagnstætt því, sem fram kom í lögregluskýrslu.

3. Við endurkomu til Ragnheiðar Bjarnadóttur, lækni á neyðarmóttöku slysadeildar, 11. ágúst lýsir A yfir því, að hún óttist ákærða og hafi flutt út vegna þess. Þetta stenst engan veginn, því að hún sækir hann á áfengis-meðferðarstofnunina Vog sama dag og sefur því næst hjá honum í þrjár nætur. Þykir því mega draga í efa, að fyrri lýsing og viðbrögð A við sama lækni sé rétt, einkum að því leyti, sem það stangast á við lýsingu og viðbrögð hennar hjá hjúkrunarfræðingnum.

4. Í málinu hafa verið lagðar fram ljósmyndir af flíspeysu og pjötlu af kvennærbuxum, en þessi fatnaður hafði fundist að ... við síðari vettvangsrannsókn lögreglu. Gögn þessi gætu verið til styrktar þeim framburði A, að ákærði hefði rífið fatnað utan af henni. Hins vegar benda atvik til þess, að þessi fatnaður finnst frekar af því, að honum hafi verið komið fyrir, eftir að rannsókn málsins hófst. Þannig má sjá á ljósmyndum, sem teknar eru af vettvangi við fyrri vettvangsrannsókn, að lögreglumennirnir nánast grúfa sig yfir staðinn, þar sem plastpokinn með fatnaðinum fannst síðar, og það er ekki fyrr en eftir að A hefur, meðan ákærði var í haldi, fengið að fara um húsið ásamt móður sinni við að taka saman föggur sínar, að plastpokinn finnst. Þykir því varasamt að treysta þessum gögnum. Það þykir því varhugavert að líta á líkamsárásina sem þátt í ætlaðri nauðgun. Tilefni árársinnar er eitthvert misklíðarefni milli ákærða og A, en ekki það, að hann ráðist að henni vegna þess, að hún hafi ekki viljað þýðast hann. Átökin og hamangangurinn virðast yfirstaðin, er til kynmakanna kemur. Samskipti þeirra hafa verið með ýmsu móti í sambúðinni og eftir hana, og verður ekki þvertekið fyrir, að þau hafi getað haft samfarir með venjulegum hætti eftir átökin.

Af því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að A bar rangt hjá lögreglu og lækni um atriði, sem hún taldi sér í óhag, og rýrir það mjög gildi vitnisburðar hennar í málinu að öðru leyti, svo að hún getur ekki talist svo traust og trúverðugt vitni, að sök ákærða um ætlaða nauðgun verði nær eingöngu reist á vitnisburði hennar.

Pegar til þessa er lítið og þeirra atriða að öðru leyti, sem rakin eru undir

liðum 1–4 hér að framan, þykir bresta næga sönnun um, að ákærði hafi gerst sekur um nauðgun þá, sem hann er sakaður um, og ber því að sýkna hann af broti á 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

Líkamsárásin gagnvart A, sem ákærði er sekur um, varð til þess, að hún hlaut þá áverka, sem tilgreindir eru í ákæru, og verður ekki talið, að hún hafi af þeim hlotið varanlegt heilsutjón. Hefur ákærði gerst brotlegur við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga með þessum verknaði. Verknáðarlýsingin um líkamsárásina er skýr í ákæru, og þykir þessi heimfærsla á broti ákærða undir þetta refsíákvæði vera heimil skv. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt sakaskrá hefur verið gerð við ákærða sátt í sakadómi Reykjavíkur 22. nóv. 1990 og honum gert að greiða 20.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af því, að atлага ákærða að A er mjög gróf, þó að afleiðingar séu ekki mjög miklar, hæfilega ákveðin varðhald í þrjá mánuði, en eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu á tveimur mánuðum af refsingunni, og falli hún niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1958.

Bótakröfu A verður að meta í ljósi þess, að einungis er sakfelld fyrir líkamsárás. Hún hefur orðið fyrir töluverðum þjáningum, óþægindum og sárindum og kann auk þess að hafa orðið fyrir nokkurri röskun á stöðu og högum, og á hún því rétt á miskabótum skv. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sem þykja hæfilega metnar 150.000 kr. Auk þeirra ber að dæma ákærða til að greiða þóknun lögmanns bótakrefjanda, sem þykir hæfileg 75.000 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti. Fallist er á vaxtakröfu A, en upphafstími vaxta miðaður við 9. okt. sl., er krafan var birt ákærða.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu 3/5 hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, sem ákveðast 75.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Björgvins Þorsteinssonar hrl., sem ákveðast 90.000 kr.